

SAMÞYKKT

um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum.

1. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarráðs og bæjarstjórnar mál sem talin eru upp í 2. gr. þessarar samþykktar með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. gr., sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda einnig ákvæði samþykktar um skipulags- og byggingarráð.

2. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og nánari skilgreiningu Skipulagsstofnunar. Ef engar eða óverulegar athugasemdir berast getur skipulags- og byggingarfulltrúi afgreitt erindið og sent til yfirferðar Skipulagsstofnunar.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að grenndarkynna byggingarleyfisumsóknir í ódeiliskipulögðum hverfum skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga með tilvísun til 2. mgr. 26. gr. sömu laga. Ef engar eða óverulegar athugasemdir berast getur skipulags- og byggingarfulltrúi afgreitt erindið til yfirferðar varðandi byggingarleyfið.

Ef veigamiklar athugasemdir eru gerðar við erindi skv. 1. og 2. mgr. skal vísa því til skipulags- og byggingarráðs.

Ef engar athugasemdir berast við deiliskipulagstillögur sem auglýstar hafa verið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er skipulags- og byggingarfulltrúa heimilt að afgreiða þær til Skipulagsstofnunar nema skipulags- og byggingarráð ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

3. gr.

Telji skipulags- og byggingarfulltrúi að erindi séu bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða skipulagsreglugerð, eða telji óvissu ríkja um hvort uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykta, skal hann vísa umsókn til afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarráðs til kynningar og bókaðar í gerðabók ráðsins, en ekki teknar þar til annarrar afgreiðslu. Listi yfir afgreiðslurnar skal fylgja fundargerð skipulags- og byggingarráðs til bæjarstjórnar. Koma skal fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð skipulags- og byggingarráðs skal koma fram að framangreindar afgreiðslur hafi verið lagðar fram. Skal listi skipulags- og byggingarfulltrúa yfir afgreiðslurnar varðveittur undirritaður af fulltrúanum og formanni skipulags- og byggingarráðs til staðfestingar á að kynningin hafi farið fram.

5. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til skipulags- og byggingarráðs.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur sett í umboði bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. ágúst 2005,

F. h. r.

Guðjón Bragason.

María Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 4. tölul. B-liðar 1. mgr. 61. gr. kemur orðið „menntaráð“ í stað orðsins „menntamálaráð“.

2. gr.

3. tölul. B-liðar 62. gr. verður svohljóðandi:
Þrjá menn í framtalsnefnd og þrjá til vara. Formannskjör.

3. gr.

2. mgr. 68. gr. verður svohljóðandi:

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og starfsmannasviðs gegnir störfum borgarstjóra í fjarveru hans og öðrum forföllum, en skrifstofustjóri borgarstjórnar í fjarveru sviðsstjóra stjórnsýslu- og starfsmannasviðs.

4. gr.

Viðauki 1.2 um fullnaðarafgreiðslur menntaráðs án staðfestingar borgarráðs verður svohljóðandi:

a. (1. gr.)

Menntaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003: